

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Norðurlþings.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. maí 2017 breytingu á aðalskipulagi Norðurlþings 2010-2030, sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. apríl 2017.

Í breytingunni er Holtahverfi, íbúðarsvæði Í13, stækkað um tvo hektara og mögulegur fjöldi íbúða á svæðinu er aukinn úr 54 í 75 íbúðir. Gönguleið fylgir breyttri afmörkun svæðisins og færist austar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 10. maí 2017.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2017